

## **Tillaga að breytingum á 8. og 14 grein í Samþykktum Flóahrepps**

8. gr. var svona

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 8:30.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

Inn komi ný 2. mgr. og greinin verði þá svona:

8. gr.

*Fundir sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 9.00.

Sveitarstjórnarfundir er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Flóahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

14. gr. samþykktar um stjórn er svona:

14. gr.

*Fjarfundabúnaður.*

Sveitarstjórn getur ákveðið á sveitarstjórnarfundum að heimilt sé að nota fjarfundabúnað á fundinum í sérstökum tilvikum, sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

14. greinin verði eftir breytingar:

*Fjarfundabúnaður.*

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.